AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafveitu Hafnarfjarðar, Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Akureyrar, Rafveitu Siglufjarðar, Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Siglufjarðar.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, frá og með 1. janúar 1986:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 18, 9. janúar 1985.

Orkugjöld til hitunar og fastagjöld hækki um	17,6%
Orku- og aflgjöld af annarri notkun hækki um	14%
Heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um	25%
Heimtaugagjöld í sveitum hækki um	35%
Gjaldskrá heildsölu hækki um	14%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 4, 10. janúar 1985, með síðari breytingum.

Orkugjöld til hitunar og fastagjöld hækki um	17,6%
Orku- og aflgjöld af annarri notkun hækki um	14%
Heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um	25%
Heimtaugagjöld í sveitum hækki um	35%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 2. 10. janúar 1985 með síðari breytingum.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	17,6%

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna, frá og með 1. janúar 1986:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 51, 28. janúar 1985, með síðari breytingum.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	14%

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 334, 13. ágúst 1985.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	14%

Gjaldskrá Raveitu Sauðárkróks, nr. 10, 8. janúar 1985.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	15%

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 11, 8. janúar 1985.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	16%

Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 95, 21. febrúar 1985.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	15%

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest breytingar á gjaldskrám eftirtalinna hitaveitna, frá og með 1. janúar 1986:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 50, 30. janúar 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 17,6%

Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, nr. 133, 21. mars 1985.
Gjald samkv. 4. gr. A lið hækki um 15%
Gjald samkv. 4. gr. B lið hækki um 20%
Gjöld samkv. 7. gr. hækki um 15%

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 255, 26. júní 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 16%
nema liðir B1 og B2 sem eru óbreyttir.

Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 96, 21. febrúar 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 15%

Samkvæmt 25. og 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn og raforku:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, nr. 244, 21. júní 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 14%

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku, nr. 353, 18. september 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 14%

Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

10. desember 1985 Nr. 464

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps hefir verið ákveðið, að einstefnuakstur verði á Bláskógum til suðurs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka strax gildi.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 10. desember 1985.

Bogi Nilsson.